

Vopnafjarðarhreppur ársreikningur 2016

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2016 var lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 28. apríl 2017. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður ársreikninginn tekin til umræðu í sveitarstjórn fyrir 11. maí nk.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir aldraðra, Legudeildin Sundabúð, Lyfsala, Skiphólmi ehf. og Arnarvatn ehf

Helstu niðurstöður ársreiknings 2016 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu var jákvæð um 97 millj. kr., en niðurstaða A hluta var jákvæð um 44 millj. kr.
- Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 163 millj. kr, en 89 millj. kr. í A hluta.
- Skuldir og skuldbindingar A og B hluta námu 638 millj. kr. í árslok 2016, en 565 millj. kr. í A hluta.
- Eigið fé A og B hluta nam um 930 millj. kr. í árslok en eigið fé A hluta nam um 637 millj. kr.
- Skuldahlutfall A og B hluta, skv. skilgreiningu í reglugerð um fjárhagsleg viðmið nr. 502/2012, nemur 62,3% í árslok 2016, en þetta hlutfall var 65,1% í árslok 2015.
- Skuldaviðmið A og B hluta, skv. sömu reglugerð, nemur 59,9% í árslok 2016, en þetta hlutfall var 62,5% í árslok 2015. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og ofangreindri reglugerð þá skulu þessi hlutföll ekki var hærri en 150%.
- Þá skulu samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili. Rekstrarjöfnuður Vopnafjarðarhrepps fyrir A og B hluta hefur verið jákvæður undanfarin ár og verður jákvæður áfram gangi fyrirliggjandi áætlanir sveitarfélagsins eftir.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri.